

Ársskýrsla Meðferðateymis barna við Heilsugæsluna Efra-Breiðholti fyrir árið 2008.

Meðferðateymi barna hóf starfsemi sína haustið 2007 og var þá lögð töluverð vinna í að skipuleggja og skilgreina starfsemina og útbúa kynningarblöð og vinnureglur. Sjá ársskýrslu 2007.


Meginhlutverk Meðferðateymisins er að veita börnum og barnafjölskyldum í Efra-Breiðholti geð- og sálfræðilega þjónustu með ráðgjöf, meðferð og eftirfylgd í samstarfi við aðrar fagstéttir stöðvarinnar.

Í Meðferðateyminu starfar heimilislæknir, sálfræðingur, og hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir eftir því sem við á.

Heimilislæknir er sá aðili sem getur vísað barni og fjölskyldu þess eða móðir á meðgöngu í teymið og er hann alltaf hluti af teyminu.


Flestar tilvísanir sem bárust Meðferðateymi barna árið 2008 komu frá heimilislæknum Heilsugæslunar Efra- Breiðholti enda hafa flestar barnafjölskyldur í hverfinu heimilislækni á stöðinni. Aðeins barst örlítið brot mála frá heimilislæknum utan stöðvar fyrir börn og fjölskyldur sem eiga lögheimili í hverfinu.

Heildarfjöldi tilvísana er barst teyminu 2008 voru alls 107. Kynjahlutfall mála sem vísað var í teymið var nokkuð jafnt eða 42 drengir og 47 stúlkur.




Dreifing tilvísana eftir aldurshópum sýnir að flestar tilvísanir bárust í aldurshópinn 10-13 ára eða alls 37 tilvísanir. Í aldurshóp 14-18 ára bárust 22 tilvísanir. Í aldurshóp 6-9 ára bárust 24 tilvísanir og í aldurshóp 2-5 ára bárust 7 tilvísanir. Í aldurshópinn 0-1 árs barst 1 tilvísun. Meðalaldur var 13,5 ára.

Í aldurshóp 14 -18 ára voru 7 einstaklingar á framhaldsskólaaldri og 1 á vinnumarkaði/-eða brottfall úr skóla.




Í aldurshópinn 14–18 ára bárust samtals 22 tilvísanir. Í aldurshópinn 10-13 ára bárust samtals 37 tilvísanir. Í aldurshópinn 6 – 9 ára bárust samtals 24 tilvísanir. Í aldurshópinn 2 –5 ára bárust 7 tilvísanir. Í aldurshópinn 0-1 árs barst 1 tilvísun.


Meðferðateyminu bárust samtals 16 tilvísanir fyrir konur í aldurshóp 18 – 41 ára. Tilefni voru í öllum tilfellum kvíði og þunglyndi. Tilvísanir bárust flestar fyrir mæður á meðgöngu og vegna fæðingapunglyndis. Einstaka vegna sértækari vanda í foreldrahlutverki.




Fjölskylduáðstæður einstaklinga óháð aldri sem vísað var til Meðferðateymisins sýna að rúmur helmingur kom frá heilli eða óbrotinni fjölskyldugerð eða 51% tilvísana. Hlutfall tilvísana fyrir einstaklinga sem skilgreinast sem fjölskylda með einstæðu foreldri var 34% en aðeins lítið hlutfall eða 15 % einstaklinga kom frá stjúpfjölskyldu.




Tilvísanir til Meðferðateymisins flokkast eftir eðli máls en helstu 7 flokkar sem stuðst er við eru: Kvíði/sállíkamleg einkenni, depurð/ þunglyndi, kreppa/áföll, fæðingapunglyndi, uppeldis- og/eða fjölskylduvandi, A(MO)/ misþroski/ þroskatengdur vandi, skóla-og/eða félagstengdur vandi.



Flest tilfni tilvísana voru kvíði-og /sállíkamleg einkenni (65). Þar næst A(MO)/ misþroski/ þroskatengdur vandi (12). Depurð/þunglyndi (11). Kreppa / áföll (8). Uppeldis-og/eða fjölskylduvandi (8). Fæðingapunglyndi (2). Síðast skóla-og/eða félagstengdur vandi (1).



Kyn og efnisflokkar




Hvaða nálgun beitt og hversu hátt hlutfall.

| Móttaka mála | |
|------------------------------------|---|
| Móttaka til 1.viðtals | 4 dagar |
| Meðaltal viðtala á meðferðartíma | 4 til 5 viðtöl / í sumum tilfella 10 -19 skipti |
| Heildarsamskipti á hverja tilvísun | 8 skipti / í sumum tilfella voru samskipti fleiri |
| Málum lokið | 93 mál |
| Málum ólokið | 14 mál |

Biðtími frá móttöku tilvísunamáls til fyrsta viðtals var að jafnaði 4 dagar. Í einstaka tilfellum var biðtíminn lengri. Tímasetning viðtals réðst þá fyrst og fremst af því hvað hentaði fjölskyldunni.

Meðalfjöldi viðtala var í mörgum tilfellum 4-5 á einstakling en í sumum tilfella fór fjöldi viðtala upp í 10-19 skipti.

Heildarsamskipti á hverja tilvísun var að meðaltali 8 skipti en í sumum tilvísunarmálum voru samskiptin mun fleiri yfir tíma.



Alls voru 14 meðferðamálum ólokið á árinu en 93 málum lokið..

Í átta tilfellum var boðað til fundar vegna mála sem ýmist tengdust leik- og grunnskólum eða Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Samhliða kom Barnavernd Reykjavíkur að vinnslu þriggja mála. Sex málum var vísað á Þjónustumiðstöð Breiðholts til nánari greiningar á vitsmunaproska. Einnig var 3 málum vísað til Barna og unglingageðdeildar Landspítalns til sérhæfðari úrvinnslu.

Samantekt og ályktanir.

Alls bárust 107 tilvísanir til Meðferðateymis barna á árinu 2008. Innan aldurshópsins 0-18 ára var aldursdreifingin frá 1 árs aldri upp í 18 ára. Meðalaldur var 13,5 ár.

Meðferðateyminu bárust samtals 16 tilvísanir fyrir konur í aldurshóp 18 – 41 ára. Tilfinnin voru í flestum tilfellum kvíði og þunglyndi á meðgöngu og vegna fæðingapunglyndis. Einstaka vegna sértækari vanda í foreldrahlutverki.

Í yngsta aldurshópinn 0-1 árs barst ein tilvísun. Árið 2007 barst engin tilvísun í þennan aldurshóp.

Hlutfall kynja sem vísað var til teymisins var nokkuð jafnt en stúlkur voru þó heldur fleiri en drengir. Hjá báðum kynjum voru flestar tilvísanir vegna kvíða en athugun leiddi í ljós að kvíði kom oftast fyrir hjá stúlkum en drengjum. Jafnframt er þar að finna mestan kynjamun innan efnisflokka.

Í efnisflokknum depurð/þunglyndi er kynjahlutfallið jafnt. Aðeins fleiri drengir en stúlkur leita vegna kreppu/áfalla. Uppeldis-og/ eða fjölskylduvandi kemur oftast fyrir hjá drengjum en stúlkum. Lík staða er í efnisflokknum A(MO)/misþroski/þroskatengdur vandi en þar leita fleiri drengir vegna vandans en stúlkur. Í efnisflokknum skóla-og/eða félagstengdur vandi var einni stúlku vísað.

Í flokknum fæðingapunglyndi var tveimur nýorðnum mæðrum vísað vegna vandans.

Fjöldi mála 2008 miðað við árið 2007 rennir styrkari stöðum undir túlkun niðurstaðna. Styrkir þá ályktun að aldur og kyn barna hafi mikil áhrif á tilfinningalega líðan þeirra, sjálfsmyndarsköpun sem og uppeldislegar þarfir.

Kvíði- og / sálíkamleg einkenni koma flest fyrir á aldrinum 10-13 ára og eru stúlkur í meirihluta sem vísað er vegna vandans. Álykta má af niðurstöðum að stúlkur eigi þannig oftast við kvíðavandamál að glíma tengt aldri en drengir. Uppbygging sjálfsmyndar hjá stúlkum á ákveðnu aldurskeiði getur bent til að uppeldis- og félagslegar aðstæður séu verr lagaðar að stúlkum.

Með fyrirbyggjandi aðgerðir og meðferð í huga hefðum við viljað sjá fleiri yngri börn í teymisvinnunni.

Ef tillit er tekið til allra efnisflokka sem vísað var í Meðferðarteymi barna er tilhneiging til að draga þá ályktun að kvíði-og /sálíkamleg einkenni sé helsta ástæða tilfinningalegra vandamála sem vísað var í teymið, óháð aldri.

